

1992 nr. 37 27. maí**Lög um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla**

Tóku gildi 1. september 1992. *Breytt með:* L. 26/1993 (tóku gildi 7. apríl 1993). L. 146/2003 (tóku gildi 30. des. 2003). L. 163/2006 (tóku gildi 30. des. 2006). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 82/2013 (tóku gildi 4. júlí 2013). L. 19/2016 (tóku gildi 5. apríl 2016). L. 47/2018 (tóku gildi 26. maí 2018). L. 88/2020 (tóku gildi 22. júlí 2020 nema 14. gr. sem tók gildi 1. jan. 2021).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **matvælaráðherra** eða **matvælaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

Um gjaldtöku.**■ 1. gr.**

□ [Ólögmatgur er sá sjávarafli:

a. sem er umfram það aflamark eða krókaafllamark sem veiðiskip hefur eða umfram hámarksafla sem veiðiskipi er settur með öðrum hætti,

b. sem fenginn er án þess að tilskilin veiðileyfi hafi verið fyrir hendi,

c. sem fenginn er utan leyfilegra veiðidaga, nema um eðlilegan meðafla sé að ræða,

d. sem fenginn er með óleyfilegum veiðarfærum,

e. sem fenginn er á svæði þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar,

f. sem 2. mgr. 7. gr. tekur til.]¹⁾

□ Greiða skal sérstakt gjald samkvæmt fyrirmælum laga þessara fyrir veiðar, verkun, vinnslu eða viðskipti með ólögmeatan sjávaraflla.

□ [[Gjald skv. 2. mgr. skal renna í ríkissjóð. Ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til sjóðs í vörslu ráðuneytisins, sem nefnist Verkefnasjóður sjávarútvegsins, og skal verja fé úr honum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum.]²⁾ Ráðherra skal skipa stjórn Verkefnasjóðsins sem skilar tillögum til ráðherra um ráðstöfun fjáris. Ráðherra setur reglur³⁾ um stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum.]⁴⁾

□ Nú hefur verið lagt hald á afla og hann gerður upptækur eftir ákvæðum annarra laga og kemur þá ekki til greiðslu gjalds skv. 2. mgr.

¹⁾ L. 19/2016, 1. gr. ²⁾ L. 47/2018, 27. gr. ³⁾ Rgl. 809/2006. ⁴⁾ L. 146/2003, 1. gr.

Um greiðsluskilyrði.**■ 2. gr.**

□ Gjald skv. 1. gr. skal að jafnaði lagt á þann sem hefur gert út skip eða bát sem veitt hefur gjaldskyldan afla. Ef uppvíst verður um gjaldskyldan afla án þess að unnt reynist að ákvarða hver hafi veitt hann má þó leggja gjaldið á þann sem hefur tekið við aflanum til verkunar eða vinnslu eða hefur haft milligöngu um sölu hans eða afurða úr honum hvort sem er hér á landi eða erlendis, enda hafi þeir vitað eða mátt vita að um ólögmeatan sjávaraflla var að ræða.

□ Gjald skv. 1. gr. verður aðeins lagt á einn þeirra sem taldir eru upp í 1. mgr. Aðrir þeir, sem þar eru taldir og sem uppvíst er að hafi átt þátt í veiðum, verkun, vinnslu eða viðskiptum með gjaldskyldan afla, ábyrgjast þó greiðslu gjaldsins sem eigin skuld með þeim sem gjald er lagt á ef ætla má að þeir hafi vitað eða mátt vita að um ólögmeatan sjávaraflla var að ræða.

■ 3. gr.

□ Gjald skv. 1. gr. skal nema andvirði gjaldskylds afla.

□ Ef ekki verður staðreynt hver sú fjárhæð hefur verið skal gjaldið nema því verði sem fengist hefur fyrir samsvarandi

afla á þeim stað og því tímabili sem hann barst að landi. Verði gjaldskyldur afli ekki heimfærður til ákveðins tímabils skal verðleggja hann á grundvelli meðalverðs fyrir samsvarandi afla á viðkomandi fiskveiðiári.

□ Ef ekki verður staðreynt af fyrirliggjandi gögnum hvert hafi verið magn eða andvirði gjaldskylds afla skal það áætlað eftir því sem segir í 5. gr.

Um eftirlit.**■ 4. gr.**

□ Að því leyti sem fyrirmæli laga fela það ekki öðrum stjórnvöldum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu með höndum eftirlit með því hvort sjávarafli er gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum. Er [ráðherra]¹⁾ heimilt að kveða nánar á um eftirlit þetta í reglugerð.

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að kveða á í reglugerð um skyldu útgerðarmanna, fiskverkenda og fiskseljenda til að láta af hendi sérstakar skilgreinar um þann sjávaraflla sem þeir hafa til umræða hverju sinni.

¹⁾ L. 126/2011, 166. gr.

■ 5. gr.

□ Fiskistofu er heimilt að krefja útgerðarmenn, skipstjórnarmenn, fiskverkendur, fiskseljendur og þá sem hafa haft milligöngu um viðskipti með sjávaraflla eða afurðir um öll nauðsynleg gögn og upplýsingar sem þeir geta látið í té og varða, að mati Fiskistofu, ákvörðun um hvort sjávarafli kunni að vera gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum. Er þeim sem krafðir eru upplýsinga skylt að láta þær af hendi endurgjalds-laust og í því formi sem Fiskistofa mælist til. Fiskistofu er enn fremur heimilt í sama skyni að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum þeirra, sem áður er getið, samningum þeirra, verslunarbréfum og öðrum slíkum gögnum, svo og að skrifstofum þeirra, vinnustöðvum, vinnsluhúsum, vörugymsluhúsum og öðrum slíkum stöðum til birgðakönnunar og annars eftirlits.

□ Í sama tilgangi er Fiskistofu heimilt að krefjast upplýsinga af félögum og félagasamtökum útgerðarmanna, fiskverkenda, fiskseljenda og af félögum annarra sem hlut geta átt að máli, um viðskipti félagsmanna þeirra og aðra starfsemi sem þau hafa gögn eða upplýsingar um.

□ Ef Fiskistofa telur fram komin gögn eða upplýsingar ófullnægjandi, óglögg, tortryggileg eða ekki lätin í té í umbeðnu formi eða hún telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hún skora skriflega á þann sem kann að verða krafinn um gjald skv. 1. gr. að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýrslur og þau gögn sem þeir telja þörf á. Ef ekki er bætt úr annmörkum, svar berst ekki innan tiltekins tíma, þau gögn eru ekki send sem óskað er eftir eða fram komin gögn eða upplýsingar eru ófullnægjandi eða tortryggileg að mati Fiskistofu skal hún áætla magn og andvirði sjávaraflla eftir þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja.

Um úrskurðaraðila.**■ 6. gr. . . . ¹⁾**

¹⁾ L. 88/2020, 23. gr.; um lagaskil sjá 30. gr. s.l.

■ 7. gr.

□ Ef rökstudd ástæða kemur fram við framkvæmd eftirlits til að ætla að einhver sá, sem fyrirmæli 2. gr. taka til, hafi haft gjaldskyldan sjávaraflla til umræða skal Fiskistofa leggja gjald á hlutaðeigandi aðila skv. 1. gr.

□ Nú sýna starfsmenn Fiskistofu fram á að verkun, vinnsla eða sala tiltekins aðila á sjávaraflla eða afurða úr honum sé umfram uppgefin kaup hans eða aðföng og er þá heimilt að leggja á viðkomandi aðila gjald skv. 1. gr. um mismuninn

enda þótt sjávarafinn verði ekki rakinn til ákveðins veiðis-
skips eða tímabils.

□ ...¹⁾

¹⁾ L. 88/2020, 24. gr.

■ **8. gr.**

□ [Nú vill aðili eigi sætta sig við ákvörðun Fiskistofu um
álagningu gjalds samkvæmt lögum þessum og getur hann þá
skotið henni til ráðherra til úrskurðar, enda geri hann það inn-
an tveggja vikna frá því að hann fékk vitneskju um ákvörð-
unina.]¹⁾

¹⁾ L. 88/2020, 25. gr.

■ **9. gr.**

□ ...¹⁾ Heimild til álagningar gjalds nær til gjalds vegna
afla síðustu fjögurra fiskveiðirára sem næst eru á undan því
fiskveiðirári sem álagning Fiskistofu fer fram á.

□ ...¹⁾

¹⁾ L. 88/2020, 26. gr.

Um innheimtu.

■ **10. gr.**

□ Fiskistofa fer með [álagningu og]¹⁾ innheimtu gjalds skv.
1. gr. [Ráðherra]²⁾ er þó heimilt að fela innheimtumönnum
ríkissjóðs eða öðrum aðilum innheimtu þess.

□ Gjald skv. 1. gr. fellur í gjalddaga við álagningu. Ber það
dráttarvexti samkvæmt ákvæðum vaxtalaga frá því 30 dagar
eru liðnir frá gjalddaga þess.

□ Álagning gjalds eða úrskurður um gjalddöku skv. 1. gr. eru
aðfararhæfar ákvarðanir, bæði gagnvart þeim sem gjald hefur
verið lagt á og þeim sem bera ábyrgð á greiðslu þess sam-
kvæmt úrskurði. Má Fiskistofa krefjast fullnustu með fjár-
námi þegar liðnir eru 30 dagar frá dagsetningu álagningar
eða uppkvaðningu úrskurðar. [Ef gjald, sem lagt hefur ver-
ið á útgerð skips sem veitt hefur hinn gjaldskylda afla, hef-
ur ekki verið greitt þegar sá tími er kominn að krefjast má
fullnustu þess með fjárnámi skal Fiskistofa svipta hlutaðeig-
andi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni þar til skuldin greiðist
eða samið hefur verið um greiðslu hennar. Gildir þetta einnig
þótt eigendaskipti hafi orðið á skipi, enda hafi eigendaskiptin

ekki orðið við nauðngaruppboð eða gjaldþrotaskipti. Standi
útgerð ekki við samning um greiðslu skuldar er Fiskistofu
heimilt að svipta skip fyrirvaralaust leyfi til veiða í atvinnu-
skyni.]³⁾

□ Ágreining um skyldu til greiðslu gjalds skv. 1. gr. eða um
ábyrgð á greiðslu þess má bera undir dómstóla sé það gert
innan 30 daga frá uppkvaðningu úrskurðar [skv. 8. gr.]¹⁾ Slíkt
málkot frestar ekki fullnustu úrskurðar.

¹⁾ L. 88/2020, 27. gr. ²⁾ L. 126/2011, 166. gr. ³⁾ L. 146/2003, 4. gr.

■ **11. gr.**

□ Ef [ráðherra]¹⁾ telur veiðar á gjaldskyldum afla samkvæmt
lögum þessum brjóta gegn refsíákvæðum annarra laga er
honum rétt að tilkynna það ríkissaksóknara. Slík tilkynning
eða ...²⁾ rannsókn eða höfðun [sakamáls]²⁾ í tilefni hennar
raskar því ekki að gjald verði lagt á eftir fyrirælu þessara
laga.

¹⁾ L. 126/2011, 166. gr. ²⁾ L. 88/2008, 234. gr.

Um dagsektir.

■ **12. gr.**

□ Hver sá, sem tregðast við að láta Fiskistofu í té upplýs-
ingar er varða gjaldskyldu annarra eða tregðast við að veita
aðgang að aðstöðu eða gögnum, sbr. 5. gr., skal sæta dagsekt-
um. [Ráðherra]¹⁾ kveður á um skyldu til greiðslu dagsekta og
mega þær nema allt að 10.000 kr. á dag. Dagsektir má inn-
heimta með fjárnámi.

¹⁾ L. 126/2011, 166. gr.

Um gildistöku o.fl.

■ **13. gr.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. september 1992.

□ ...¹⁾

¹⁾ L. 88/2020, 28. gr.

■ **14. gr.**

□ ...¹⁾

□ [Ráðherra]²⁾ setur reglugerð³⁾ um nánari framkvæmd laga
þessara.

¹⁾ L. 88/2020, 29. gr. ²⁾ L. 126/2011, 166. gr. ³⁾ Rg. 470/2012. Rg. 456/2017.